

Miðvikudaginn 5. júní 1991.

Nr. 59/1989.

**Db. Sæmundar Ágústssonar,
Óskar Ágústsson og
Halldór Einarsson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

hafnarstjórn Reyðarfjarðarhrepps

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Hafnarstjórn. Lögbann. Skipulag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1989. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Sæmundur Ágústsson lést hinn 7. mars 1990. Eftirlifandi kona hans, Lúvís Hafdís Kristinsdóttir, hefur tekið við aðild að málinu, en hún situr í óskiptu búi eftir hann.

Tildrögum málsins og málsástæðum aðila er lýst í héraðsdómi.

Í 7. gr. hafnalaga nr. 69/1984 segir:

„Höfn táknar í lögum þessum nánar afmarkað svæði, þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara, hverju nafni sem nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Til þess að um höfn geti verið að ræða samkvæmt lögum þessum, þarf henni að hafa verið sett reglugerð samkvæmt staðfestu deiliskipulagi, er tilgreini mörk hennar auk annarra nauðsynlegra stjórnunarákvæða.“

Aðila greinir á um, hvernig skilja beri, að reglugerð skuli sett „samkvæmt staðfestu deiliskipulagi“. Orðum þessum var bætt inn í frumvarp að hafnalögum í meðferð Alþingis. Í greinargerð með frumvarpinu eða umræðum er ekki að finna neitt, sem varpað getur ljósi á tilgang löggjafans með þessu orðalagi. Ákvæðið verður ekki skilið svo, að gild reglugerð verði ekki gefin út, nema fyrir liggi

staðfest deiliskipulag. Ætla ber hins vegar, að það hafi verið tilgangur löggjafans, að um hafnir yrði gert deiliskipulag og það yrði staðfest.

Gefin hefur verið út reglugerð nr. 477/1985 fyrir Reyðarfjarðarhöfn. Mörkum hafnarsvæðisins er þar lýst. Áfrýjendur hófu framkvæmdir við aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis og héldu þeim áfram, eftir að hafnarstjórn hafði hafnað leyfisumsókn þeirra fyrir framkvæmdunum. Til framkvæmdanna höfðu þeir heimild landeigenda. Ekki er um það deilt, að framkvæmdirnar voru innan hafnarsvæðisins. Landið er hins vegar utan eiginlegrar hafnar og þéttbýlissvæðisins að Búðum.

Í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar fyrir Reyðarfjarðarhöfn segir:

„Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða sveitarstjórnar komi til.

— — —“

Ekki liggur fyrir, að málið hafi verið lagt fyrir sveitarstjórn. Meðan það hefur ekki verið gert, verður að telja, að hafnarstjórn hafi mátt banna framkvæmdir áfrýjenda, sbr. 2. mgr. 3. gr. áður-nefndrar reglugerðar. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Suður-Múlasýslu 28. nóvember 1988.

Mál þetta var dómtekið 14. nóvember 1988.

Stefnandi er hafnarstjórn Reyðarfjarðarhrepps, kt. 530269-7019.

Stefndu eru Sæmundur Ágústsson, kt. 200245-4159, Túngötu 8, Reyðarfirði, Óskar Ágústsson, kt. 201136-3859, Mánagötu 27, Reyðarfirði, og Halldór Einarsson, kt. 200331-2149, Teigagerði, Reyðarfirði.

Dómkröfur stefnanda fyrir aukadómþinginu eru þær, að staðfest verði með dómi lögbann það, sem fógetaréttur Suður-Múlasýslu lagði við fram-

kvæmdum stefndu við gerð aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðarhreppi miðvikudaginn 15. júní 1988. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu, þar með talins lögbannskostnaðar, úr hendi stefndu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða að mati dómsins. Þá gerir stefnandi þá kröfu, að málskostnaður skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögn og til greiðsludags bera sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur samkvæmt vaxtalögum.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur fyrir aukadómþinginu, að synjað verði staðfestingar á lögbanni því, sem fógetaréttur Suður-Múlasýslu lagði við gerð aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðarhreppi miðvikudaginn 15. júní 1988, og það fellt úr gildi og stefndu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Jafnframt gera stefndu kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ eða að mati dómsins. Þá gera stefndu kröfu til þess, að málskostnaður skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögn og til greiðsludags bera sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur skv. vaxtalögum. Þá er af hálfu stefndu áskilinn réttur til að hafa uppi skaðabótakröfu í sérstöku skaðabótamáli.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að 19. maí 1988 hafi stefndu byrjað framkvæmdir fyrir smábátadstöðu í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðarhreppi skammt austan við Teigagerðisklöpp, um 1,5 km austan kaupþúnsins. Framkvæmdir hafi verið stöðvaðar 21. maí 1988, þar sem umfjöllun stefnenda hafi ekki legið fyrir vegna þeirra. Með bréfi, dags. 24. maí 1988, sóttu stefndu síðan um leyfi til hafnarstjórnar vegna umræddra framkvæmda. Á fundi hafnarstjórnar Reyðarfjarðar sama dag var umsókn stefndu tekin fyrir og eftirfarandi bókað:

„Þar sem hafnarstjórn er að vinna að stórbættri aðstöðu fyrir smábáta á hafnarsvæðinu og ekki er séð, að þörf verði fyrir umbeðna framkvæmd, og hafnarstjórn telur sig bera vissa ábyrgð á þeim framkvæmdum, sem hún kann að veita leyfi fyrir á hafnarsvæðinu, bæði gagnvart umferð og öryggi, getur hún ekki fallist á það leyfi, sem farið er fram á.“

Þrátt fyrir synjun hafnarstjórnar hófu stefndu framkvæmdir að nýju 15. júní 1988. Sama dag krafðist stefnandi lögbanns við framhaldi þeirra framkvæmda. Lögbannsbeiðnin var tekin fyrir í fógetarétti Suður-Múlasýslu sama dag, og lýsti fógeti þá yfir lögbanni við þeirri framkvæmd stefndu að vinna að gerð aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðarhreppi gegn bankatryggingu, að fjárhæð kr. 180.000. Málsástæður kveður stefnandi vera þær, að stefndu sé óheimilt að reisa mannvirki innan hafnarsvæðis Reyðarfjarðarhafnar án leyfis hafnarstjórnar. Umrædd mannvirki séu innan skipulags hafnarsvæðis Reyðarfjarðarhafnar, en samkvæmt 18. gr. hafnalaga nr. 69/1984 má engin mannvirkjagerð fara fram á hafnarsvæði nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Einnig bendir stefn-

andi á, að samkvæmt 3. gr., lið 3.2, hafnarreglugerðar fyrir Reyðarfjarðarhöfn nr. 477/1985 hafi hafnarstjórn endanlegt ákvörðunarvald um leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hafi vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi, er hún telur torvelða eðlilega hafnarstarfsemi.

Lagarök stefnanda.

Stefnandi kveðst vegna málsóknar þessarar vísa til 18. gr. hafnalaga nr. 69/1984 og hafnarreglugerðar fyrir Reyðarfjarðarhöfn nr. 477/1985; auk þess kveðst stefnandi vísa til almennra reglna um takmarkanir eignarráða yfir fasteign.

Málskostnaðarkrafan byggist á 177. gr. laga nr. 85, 1936, skv. 184. gr. sömu laga, ef til framlagningar málskostnaðarreiknings kemur. Vaxtakrafa byggist á 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54, 1988.

Málavexti kveða stefndu vera þá, að þeir, sem eigi 3 smábáta af stærðinni 1 til 2 tonn, hafi lengi verið í vandræðum með aðstöðu fyrir smábáta sína. Í Reyðarfjarðarhöfn sé ekkert öruggt lægi fyrir smábáta og útgerð þeirra því algjörlega háð veðri og vindum. Í krikanum við bryggjuna fyrir neðan loðnubræðsluna sé að visu lægi, en togari Reyðfirðinga, Snæfugl, hafi forgang um legu þar, og ávallt, þegar hann sé í höfn, þurfi smábátaeigendur að hrökklast þaðan með smábáta sína. Hafnarstjórn hafi um árabíl lofað úrbótum í aðstöðu smábáta, en ekkert orðið úr efndum. Í vandræðum sínum vegna þessa hafi stefndu hugkvæmst að gera lendingarbætur til bráðabirgða fyrir bátana í fjörunni í landi Teigagerðis skammt utan við Teigagerðisklöpp, en einn stefndu, Halldór Einarsson, er eigandi lögbýlisins Teigagerðis ásamt föður sínum, Einari Halldórssyni, og höfðu þeir fullt samþykki hans til framkvæmdanna. Hugmynd stefndu var sú að grafa um 100 fm lón eða lægi í fjörunni, sem næði um 1,5 m niður fyrir fjörumörk, með opinni rennu til suðurs og nota uppgröftinn ásamt einhverju grjóti til viðbótar í varnargarða. Í því lóni eða lægi, sem þarna myndaðist, töldu þeir sig geta skapað viðeigandi aðstöðu fyrir báta sína, uns hafnarstjórn hefði útbúið þeim aðra og betri aðstöðu. Hófust þeir handa við framkvæmdir um 20.5. 1988, en þá kom sveitarstjóri, Hörður Þórhallsson, að máli við þá og bað þá að hætta framkvæmdum og sækja um leyfi til hafnarstjórnar og láta fylgja „skissu“ af framkvæmdum, og var á honum að skilja, að leyfi til framkvæmdanna yrði auðfengið. Með bréfi, dags. 21.5. 1988, sóttu stefndu síðan um leyfið, og á fundi hafnarstjórnar sama dag var erindið tekið fyrir og því hafnað með þeim rökum, sem greinir í dskj. nr. 4. Þar sem allt var óljóst um, hvenær hafnarstjórn hæfist handa um að vinna að aðstöðu fyrir smábáta á hafnarsvæðinu, og þar sem stefndu þóttu rök hafnarstjórnar að öðru leyti fyrir synjuninni vera lítilvæg, og

eins, þar sem hliðstæð framkvæmd hafði verið látin átölulaus áður sunnan fjarðar og hér var um að ræða lítills háttar jarðrask á eignarjörð eins þeirra og þeim nauðsynlegt að hafa öruggt lægi fyrir báta sína, hófu þeir framkvæmdir að nýju 15. júní 1988, en við þeirri framkvæmd var lagt lögbann það í fógetarétti Suður-Múlasýslu sama dag að beiðni hafnarstjórnar Reyðarfjarðarhrepps, sem stefndu krefjast, að fellt verði úr gildi.

Ekki er í málinu ágreiningur um lýsingu málavaxta.

Málsástæður stefndu og lagarök.

Málsástæður stefndu eru í fyrsta lagi þær, að í Reyðarfjarðarhöfn sé engin aðstaða fyrir smábáta og þeim hafi verið nauðsynlegt að gera sér aðstöðu fyrir báta sína, fyrst hafnarstjórn gerði það ekki. Hafi þeir því gripið til þeirra framkvæmda, sem lögbann hefur verið lagt við og krafist er staðfestingar á í máli þessu. Sú aðstaða hafi verið á eignarjörð eins þeirra, torveldi í engu eðlilega starfsemi Reyðarfjarðarhafnar utan siglingaleiða, og engin sérstök hætta stafi af framkvæmd þessari, og eigi hafnarnefnd Reyðarfjarðarhrepps því engra hagsmuna að gæta. Í munnlegum málflutningi hefur lögmaður stefndu vísað til 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og talið, að um neyðarrétt væri að ræða. Á þessa röksemd verður ekki fallist með stefndu.

Í öðru lagi byggja stefndu á því, að samkvæmt 7. gr. hafnalaga nr. 69/1984 þurfi höfn að hafa verið sett reglugerð skv. staðfestu deiliskipulagi, til þess að um höfn geti verið að ræða í skilningi hafnalaganna. Af Reyðarfjarðarhöfn eða Reyðarfjarðarkauptúni sé slíku deiliskipulagi ekki til að dreifa. Reglugerð Reyðarfjarðarhafnar nr. 477/1985 eigi sér því ekki nægilega lagastöð, til þess að stefndu verði bundnir af ákvæðum hennar, samþykktum hafnarnefndar eða hafnalaga, sem stefnandi byggir mál sitt á.

Það er álit dómsins, að hafnarreglugerð nr. 477/1985 fyrir Reyðarfjarðarhöfn hafi nægjanlega stöð í hafnalögum nr. 69, 1984, enda er eðlilegt, að sveitarstjórnir geti unnið að gerð staðfests deiliskipulags eftir setningu slíkrar reglugerðar, og verður staðfest deiliskipulag ekki talið hafa úrslitapýðingu í þessu efni.

Í þriðja lagi benda stefndu á það máli sínu til stuðnings, að bann það, sem um getur í 18. gr. hafnalaga um mannvirkjagerð á hafnarsvæði og stefnandi byggir málsókn sína á, eigi við mannvirki innan þess hafnarsvæðis, sem gert er ráð fyrir, að sé skv. staðfestu deiliskipulagi, sbr. 7. gr. hafnalaga. Lendingarbætur þær, sem hér er deilt um, séu langt utan við skipulag Reyðarfjarðarkauptúns, og eigi því 18. gr. hafnalaga ekki að neinu leyti við í þessu efni, jafnvel þótt deiliskipulag hefði legið fyrir.

Lendingarbætur þær, sem um er deilt í málinu, eru innan hafnarsvæðis Reyðarfjarðarhafnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 477, 1985. Sam-

kvæmt 2. mgr. 18. gr. hafnalaga má engin mannvirkjagerð fara fram á hafnarsvæðinu nema með leyfi hafnarstjórnar. Þetta leyfi liggur ekki fyrir. Deiliskipulag hefur ekki þýðingu í þessu sambandi.

Í fjórðu málsástæðu stefndu segir: „Auk þess að byggja málsókn sína á 18. gr. hafnalaga nr. 69/1984 byggir stefnandi kröfur sínar á 3. gr., lið 3.2, í hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarhöfn. Svo sem að framan hefur verið rakið, byggja stefndu m.a. sýknukröfu sína á því, að reglugerðin eigi sér ekki nægilega lagastoð til að binda hendur þeirra varðandi þá framkvæmd, sem þeir réðust í, en benda jafnframt á, að þrátt fyrir rúmt orðalag: „Hafnarstjórn hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða, sem hún telur torvelða eðlilega hafnarstarfsemi“, þá geti slíkt bann ekki verið háð geðþóttaákvörðunum, heldur þurfi að styðja það skynsamlegum rökum, sem ekki sé til að dreifa í þessu efni, þar sem lendingarbætur stefndu torveldi í engu eðlilega starfsemi Reyðarfjarðarhafnar, séu utan siglingaleiða og af þeim stafi engin hættu, auk þess sem þetta ákvæði reglugerðarinnar eigi við þann hluta hafnarsvæðis, sem sé utan skipulags.

Á þessa röksemd stefndu verður ekki fallist. Hafnarstjórn rökstuddi synjun sína með skynsamlegum rökum, m.a. með því, að hún bæri ábyrgð á þeim framkvæmdum, sem hún kynni að leyfa, bæði gagnvart umferð og öryggi.

Varðandi fimmtu málsástæðu stefndu, að jafna megi setningu reglna þessara til eignarnáms, er það álit dómsins, að svo sé ekki, heldur sé hér um þá tegund takmörkunar á eignarráðum eigenda jarðarinnar Teigagerðis að ræða, sem þeir verði að þola bótalaust.

Með vísun til ofanritaðs eru úrslit málsins þau, að staðfesta ber lögbann það, sem fógetaréttur Suður-Múlasýslu lagði við gerð aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðhreppi miðvikudaginn 15. júní 1988.

Rétt er, eins og mál þetta er vaxið, að sakarkostnaður falli niður.

Dóm þennan kveður upp Sigurður Eiríksson sýslumaður.

D ó m s o r ð:

Lögbann það, sem fógetaréttur Suður-Múlasýslu lagði við framkvæmdum stefndu við gerð aðstöðu fyrir smábáta í landi Teigagerðis í Reyðarfjarðarhreppi miðvikudaginn 15. júní 1988, er staðfest.

Málkostnaður fellur niður.